

Reykjavík 8. október 2021 (HG1)

Varðar: Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu, um samráðsfund vegna skipulagshugmynda við Arnarbakka

Vegna áformaðra skipulagshugmynda við Arnarbakka er lagt til að haldinn verði samráðsfundur sem fyrst með íbúum í Stekkja- og Bakkahverfi. Íbúar hafa nú þegar mótmælt fyrirhuguðum hugmyndum um uppbyggingu við Arnarbakka sem þau telja ekki vera í samræmi við þá byggðaþróun sem fyrir er í hverfinu. Mikilvægt er að sátt skapist um skipulag og þéttingu í grónum hverfum og er alvöru samráð við íbúa þar lykilatriði.

Umsögn:

Deiliskipulagstillaga fyrir uppbyggingu Arnarbakka hefur verið lengi í vinnslu og hefur ítarlegt samráð farið fram samhliða samráðsferli hverfisskipulags Breiðholts. Haldin var forkynning á hverfisskipulagi og tillögum að deiliskipulagi nokkurra þróunarreita í hverfinu sumarið 2020 með sýningu og viðveru starfsfólks bæði í Gerðubergi og Mjódd. Úr því samráði komu nokkrar athugasemdir sem brugðist var við. Bar þar hæst óánægju með svokallað fjölnotahús, sem var ráðgert þar sem nú stendur til að byggja minna gróðurhús, og athugasemdir við þakform nýbygginga verslunar, þjónustu og námsmannaíbúða. Þakformi var breytt eftir kynningarferlið úr flötu þaki í mænisþök. Einnig var tekin ákvörðun um að gera auk námsmannaíbúða líka ráð fyrir íbúðum á almennum markaði, en kallað hefur verið eftir fjölskylduíbúðum á svæðinu. Fjölgaði einnig fjölskyldunámsmannaíbúðum á kostnað einstaklings námsmannaíbúðum vegna vilja byggingarfélags námsmannaíbúðanna sem áhuga hefur á lóðunum.

Vegna tillögu Borgarsögusafns að hverfisvernda fjölbýlishúsin í bakkahverfi í gulum flokki, sem fram kemur í byggðakönnun fyrir Breiðholt í útgefni skýrslu nr. 216, var haldinn fundur með sérfræðingum Borgarsögusafns á vinnslutíma tillögunnar. Komu fram jákvæð viðbrögð þeirra við efnistöðum arkitektanna hjá Basalt arkitektum til að fella nýja byggð sem best að fyrirliggjandi byggðamynstri.

Haldinn var íbúafundur í Gerðubergi þann 24. júní 2021 sem var einnig streymt á netinu. Undirrituð kynnti þar deiliskipulagstillöguna fyrir fullum sal og einhverju áhorfi á netinu. Lögboðinn auglýstur athugasemdafrestur fór svo fram frá 7. júlí 2021 til og með 31. ágúst 2021. Ein athugasemd barst.

Af framangreindu hefur ítarlegt samráðsferli þegar farið fram og deiliskipulagstillaga Breiðholts I vegna Arnarbakka tekið breytingum í kjölfar athugasemda og ábendinga frá nágrenni.

f.h.

Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Hildur Gunnarsdóttir arkitekt FAÍ/verkefnastjóri